

Reykjavík, 16. nóvember 2011

**UMSÖGN um þskj. 4 — 4. mál.**

Siðfræðistofnun þakkar fyrir að fá tækifæri til að bregðast við endurskoðaðri þingsályktun um staðgöngumæðrun, en ítrekar jafnframt fyrri afstöðu og telur að afar varlega eigi að fara í að heimila staðgöngumæðrun við núverandi aðstæður. Þess má geta að talsverð umræða er um þessi mál á Norðurlöndunum nú um stundir og hyggst Norræna lífsiðfræðinefndin taka upp málið með formlegum hætti á næsta ári. Mikilvægt er að Íslendingar fylgist náið með þeirri umræðu og íhugi vel að löggjöf um svo flókið siðferðilegt álitaeftni þróist í takt við breytingar hjá okkar helstu nágrannaþjóðum.

F.h. Siðfræðistofnunar HÍ

Salvör Nordal,  
forstöðumaður